



Skýrsla um innra mat í júní 2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Ytra mat	3
Niðurstöður mats	4
Stjórnun	4
Uppeldis- og menntastarf	5
Leikskólabragur	5
Foreldrasamstarf	6
Innra mat	6
Heildarniðurstaða innra mats í júní 2024 - myndræn	7
Umbótaáætlun	8

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2023-2024.

Stefna skólans birtist í skólanámskrá [hér á heimasíðu leikskólans](#). Vorið 2022 byrjaði skólinn að innleiða gæðaviðmið um leikskólastarf. Gæðaviðmið eru eins konar uppskrift af góðu leikskólastarfi sem hver skóli gerir að sínum. Gæðaviðmiðin eru svo útfærð með gátlistum í flokkunum *stjórnun*, *uppeldis- og menntastarf*, *leikskólabragur*, *foreldrasamstarf* og *innra mat*. Kerfisbundið eru gæðaviðmiðin innleidd með því að þræða þau í gegnum allt starfið, nota m.a. kannanir, rýni á fundum og margt fleira til þess að staðsetja skólann gagnvart þeim viðmiðum sem lagt er upp með í leikskólastarfi á Íslandi og birtist í menntastefnu Grundarfjarðarbæjar og í skólanámskrá leikskólans.

Nú í lok skólaársins 2023-2024 má segja að miklar breytingar hafi átt sér stað í leikskólanum og stór skref stigin í þá átt að setja skýrari stefnu og markvisst að meta gæði leikskólastarfsins. Ný [menntastefna Grundarfjarðarbæjar](#) var samþykkt í nóvember 2023 og innleiðing hófst í kjölfarið. Á heimasíðu menntastefnunnar er að finna gæðaviðmið sem leikskólinn notar til að spegla starfið og er tekið saman í þessari skýrslu.

Ytra mat

Menntamálaráðuneyti hefur ekki komið að ytra mati á skólastarfi á Sólvöllum og því liggur ekki formlega fyrir hverjir styrkleikar skólans og tækifæri til umbóta eru samkvæmt slíku. Hins vegar er starf skólans metið út frá gögnum sem verða til í innra starfi og mati skólans auk gagna sem teljast sem ytra mats gögn eins og kannanir og niðurstöður mátaðar við kröfur um gæði úr ytra mati. Skólinn er því kerfisbundið að nýta fjölbreytt gögn til þess að staðsetja sig gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfi á Íslandi sem og í menntastefnu Grundarfjarðarbæjar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

LJOSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttu

Niðurstöður mats

Í þessari skýrslu eru niðurstöður lagðar fram í fimm meginþáttum leikskólastarfs.

1. Stjórnun
2. Uppeldis- og menntastarf
3. Leikskólabragur
4. Foreldrasamstarf
5. Innra mat.

Í niðurstöðum er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

Gögn sem nýtt eru við innra mat:

- Spurninga- og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar, starfsfólk.
- Matslistar og skráning í matslista (gæðaviðmið) um innra mat, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag, foreldrasamstarf.
- Framfarir nemenda s.s. niðurstöður á mati á námi og velferð barna.
- Skólanámskrá og/eða ákveðnir þættir í skólanámskrá.
- Starfsáætlun og/eða ákveðnir þættir í starfsáætlun.
- Fundagerðir.
- Ýmis konar skýrslur, t.d. um ákveðin verkefni.
- Niðurstöður rýnihópa.
- Annað

Stjórnun

📌 Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024

Markmið: Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins

- **Mat var gert á starfsáætlun** í maí/júní með þeim hætti að farið var gegnum starfsáætlunina og metið hvernig gekk í vetur. Slíkt mat er mikilvægt stjórnþæki til þess að endurskoða skipulag skólalalds á hverju skólaári og læra af reynslunni á öllum sviðum leikskólastarfsins. Matið er stór þáttur í innra mati leikskólans og mjög mikilvægt fyrir þróun og skipulag leikskólastarfsins: 📄 [Mat á Starfsáætlun Leikskólinn Sólvellir 2023-2024](#) .
- Innleiðing nýrrar [menntastefnu](#) Grundarfjarðarbæjar hófst með uppsetningu nýrra matslista þar sem ýmis gögn eru nýtt til að varpa ljósi á stöðu skólans gagnvart þeim.
- Áætlað var að hefja endurskoðun á skólanámskrá í vetur en mat skólans að bíða með það þar til vinnu lyki við endurskoðun menntastefnu.
- Deildarstjórafundir voru haldnir í hverri viku á morgnana og er það mat stjórnenda að svo verði áfram.
- Ný heimasíða var gerð og er virk en það var hluti umbóta úr skýrslu 2023.

Helstu umbætur næsta árs

- Endurskoða skólanámskrá.
- Setja starfsáætlun á heimasíðu og mat á henni.
- Innleiða og meta gæðaviðmið.
- Skýrara og einfaldara skipulag á faglegu starfi inn á deildum.

- Innleiðing á verkefni um málörvun.

Uppeldis- og menntastarf

☒ Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024

Markmið: Að skólustarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt og krefjandi við hæfi hvers og eins og sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum. Að til sé virk áætlun um mat á námi og velferð barna í leikskólanum sem og áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í uppeldis- og menntastarfi séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins

- Unnið var með námsvísi (tímalínu) sem stýrir gæðastarfi byggðu á grunnþáttum menntunar. Rólega hefur gengið að festa vinnulagið í sessi en í vetur hafa stór skref verið stigin og mat á vinnulagi gert með það í huga hvernig best er að halda áfram að þróa það næsta vetur.
- Skimunaráætlun er virk þ.e. mat á námi og þroska nemenda. Áætlunin hefur verið endurskoðuð fyrir næsta vetur og verður birt í uppfærði starfsáætlun 2024-2025.
- Endurmat á dagskipulag var gert og samræmt.
- Endurmat á þátttöku barna í starfinu var gert með það í huga að auka val um viðfangsefni út frá áhugasviði.

Helstu umbætur næsta árs

- Uppfæra skimunaráætlun og taka inn EFI-2 málþroskamat sem metur málþroskastöðu barna með tilliti til málskilnings og máltjáningar.
- Festa í sessi notkun námsvísis (tímalínu) sem er ígildi deildarnámskrá/markmiða leikskólustarfsins.
- Innleiða og meta gæðaviðmið út menntastefnu markvisst gegnum innra mat.
- Innleiðing á matstækinu íslenska málhjóðamælinum.

Leikskólabragur

☒ Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024

Markmið: Að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum. Að foreldrar séu virkir samstarfsmenn við menntun og uppeldi barna sinna. Að börnum líði vel í skólanum og taki stigvaxandi framförum. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í leikskólabrag séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins

- **Starfsmannakönnun** með áherslu á leikskólabrag var lögð fyrir í mars.
 - Helstu niðurstöður eru að starfsfólk þekkir vel áherslur skólans en tækifæri til að auka metnað í starfi.
 - Starfsfólk leggur sig almennt fram við að leiðbeina og hvetja hvert annað en telur þó nokkuð skorta hvað varðar samstarfs og samábyrgð innan deilda.
 - Meirihluti starfsfólks þekkir ekki starfsþróunaráætlun skólans en flestir telja sig þó hafa tækifæri til að sinna eigin starfsþróun og styrkja sig í starfi.
 - Langflestir þekkja starfssvið sitt vel og telja hæfni sína vera vel nýttá.
 - Könnunina í heild má skoða hér

☒ Starfsmannakönnun Leikskólans Sólvalla mars 2024_án opinna svara

- Endurmat umbótaþátta varðandi að styrkja fagmennsku og handleiðslu var meðal verkefna vetrarins og heldur það verkefni áfram.

Helstu umbætur næsta árs

- Endurskoða starfsþróunaráætlun leikskólans.
- Bæta og styrkja starfsumhverfið og samábyrgð deilda og þvert á deildir.
- Vinna með hrós og tilgang þess.

- Innleiða og meta gæðaviðmið.
- Festa í sessi vinnu með námsvísi.
- Kynna menntastefnu sveitarfélagsins.

Foreldrasamstarf

☒ Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024

Markmið: Mikil áhersla er lögð á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í foreldrasamstarfi séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins

- **Foreldrakönnun** með áherslu á leikskólabrag var lögð fyrir í mars.
 - Helstu niðurstöður eru jákvæðar og um 90% foreldra upplifa traust og telja sig velkomna í leikskólann.
 - Ríflega helmingur þekkjast stefnu og áherslur skólans en 80% telja starfið framsækið og faglegt
 - 90% telja að barn sitt sé ánægt í leikskólanum og líði vel.
 - Gagnkvæma upplýsingamiðlun má bæta og skýra en rúm 60% eru jákvæð hvað það varðar.
 - Könnunina í heild má skoða hér

☒ Foreldrakönnun Leikskólans Sólvalla mars 2024_án opinna svara

- **Foreldrafélag** var virkt og samstarf gekk vel, þar sem nemendur fengu gjafir, keypt voru leiktæki í garðinn, jólaskemmtun með jólasveinum og fleira. Mikilvægt að styrkja enn frekar samstarf skóla og foreldrafélags.
- **Foreldraráð** var starfandi og stóð sig vel og sinnti hlutverki sínu og fylgdist með starfinu en fyrir næsta vetur má skýra betur verkefni og gera fundargerðir aðgengilegar..

Helstu umbætur næsta árs

- Vinna með og kynna gildi leikskólans svo þau endurspeglast í starfinu.
- Auka aðkomu foreldra í mati á framförum barna.
- Endurskoða upplýsingamiðlun og samræma.
- Styðja við ófaglærða í vinnu á faglegan hátt.
- Auka samstarf og skýra það við foreldraráð og foreldrafélag.
- Innleiða og meta gæðaviðmið

Innra mat

☒ Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024

Markmið innra mats er að leggja faglegan grunn að endurbótum í skólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess að gera það skilvirkara. Að skipulag innra mats sé skýrt og aðgengilegt, byggt á viðmiðum um gæði og notuð séu matstæki og aðferðir sem hæfa stefnu og viðfangsefnum skólastarfsins. Mat er alltaf tekið saman í styrkleika og tækifæri til umbóta og birt á heimasíðu og kynnt skólasamfélaginu. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í innra mati séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir.

Mat og niðurstöður skólaársins

- Matsteymi skólans fundaði átta sinnum á skólaárinu.
- Erfiðlega gekk að finna tíma svo fulltrúi foreldra kæmist reglulega á fundina en það verður bætt fyrir næsta skólaár.
- Innra mat var framkvæmt samkvæmt langtíma- og ársáætlun og gekk vel eftir þó ýmislegt hafi færst til.
- Kynntar voru áherslur gæðaráðs á faglegu starfi fyrir starfsfólki.

Helstu umbætur næsta árs

- Starfsáætlun matsteymis fyrir næsta skólaár verður gerð strax í ágúst svo þeir sem í teyminu verða geta fest tíma út skólaárið.
 - [Starfsáætlun matsteymis -Sólvellir 2024-2025](#) .
- Festa í sessi notkun langtíma- og ársáætlana innra mats
- Fara í gegnum matstækin sem skólinn er að nota
- Virkja foreldra varðandi yfirlestur á mati og þátttöku í gæðaráðinu
- Hvernig er unnið með gögn út frá viðmiðum sem koma út úr könnunum
- Birta niðurstöður úr innra mati á heimasíðu, foreldraráð og matsteymi les yfir
- Setja á fundaráætlun hvenær farið er yfir umbótaáætlanir
- Innleiða og meta gæðaviðmið

Heildarniðurstaða innra mats í júní 2024 - myndræn

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

LJOSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vorið 2022 byrjaði skólinn að innleiða gæðaviðmið um leikskólastarf. Gæðaviðmið eru eins konar uppskrift af góðu leikskólastarfi sem hver skóli gerir að sínum. En nú þegar ný menntastefna hefur verið samþykkt og viðmið verið uppfærð mun leikskólinn fara aðra umferð og meta sig með enn skýrari og fleiri gögnum í öllum flokkum leikskólastarfsins. **Við lok skólaársins 2025-2026 er stefnt að því að 90%** allra matsþáttanna verði **“GRÆNT”** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf” og að mat fari fram í öllum flokkum reglulega samkvæmt langtímaáætlun og ársáætlun lýsi skýrt hvað sé metið hvert skólaár, hver eru viðmiðin og hvað verður um gögnin sem lýsa stöðu skólans út frá stefnu hans og gæðaviðmiðum menntastefnu.

Hér í þessu skjali er hægt að fylgjast með framvindu á mati á gæðaviðmiðum þar sem vísað er til ýmissa gagna eða niðurstöður útskýrðar með öðrum hætti. Skólaþrófillinn mun uppfærast næsta vor eftir mat næsta skólaárs : [Sólvellir Grundarfirði - Gæðaviðmið 2. úgáfa - 2024](#)

Umbótaáætlun

Niðurstöður úr mati eru ávallt rýndar af matsteymi og umbótum sinnt strax sem mögulegt er nær sem þurfa lengri tíma eru settar á dagskrá næsta skólaárs í sérstakri umbótaáætlun sem má kynna sér á þessum hlekk hér: [Leikskólinn Sólvellir umbótaáætlun 2023-2024 & 2024-2025](#)

Unnið af matsteymi vor/sumar 2024